

7. gr.

*Þróun eigin viðskiptahugmyndar.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan samning við atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins um að hann vinni í allt að sex mánuði að þróun eigin viðskiptahugmyndar með það að markmiði að koma hugmyndinni í framkvæmd.

Skilyrði sammings um þróun eigin viðskiptahugmyndar skv. 1. mgr. er að atvinnuleitandinn leggi fram viðskiptaáætlun og skili framvinduskýrslu til Vinnumálastofnunar eftir þrjá mánuði og aftur við lok verkefnisins. Vinnumálastofnun er ennfremur heimilt að óska eftir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands og/eða atvinnuþróunarfélag á viðkomandi svæði votti um gildi viðskiptaáætlunar samkvæmt nánari reglum þar um. Jafnframt er það skilyrði að viðskiptahugmyndin verði talin líkleg til þess að skapa atvinnuleitandanum framtíðarstarf að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar enda um að ræða vinnumarkaðsúrræði skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þá er það skilyrði að atvinnuleitandinn hafi kynnt sér rekstur og stofnun smáfyrirtækja. Vinnumálastofnun greiðir atvinnuleitanda á sama tíma atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Atvinnuleitandi skal vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar á gildistíma sammingsins en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Vinnumálastofnun er heimilt að framlengja samninginn um þróun viðskiptahugmyndar skv. 1. mgr. um sex mánuði enda mjög miklar líkur á að viðskiptahugmyndin skapi atvinnuleitandanum framtíðarstarf að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Atvinnuleitandi skal skila lokaskýrslu til Vinnumálastofnunar við lok framlengingar verkefnis.

Sá tími sem starf á grundvelli sammings um þróun eigin viðskiptahugmyndar skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.